

Mánudaginn 9. marz.

Nr. 15/1913.

Bankastjórar Emil Schou og
Tofte f. h. Íslandsbanka
gegn
Magnúsi Ásgrímssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði Björn Líndal yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir hönd útbús Íslandsbanka á Akureyri fyrir gestarétti Skagafjarðarsýslu gegn stefnda Magnúsi Ásgrímssyni hreppstjóra á Sléttubjarnarstöðum til þess að fá hann dæmdan til að greiða útbúinu skaðabætur kr. 1723,27 auk vaxta, fyrir tjón, er það hafði beðið fyrir ranga vottun stefnda á sjálfsskuldarábyrgðarskjal um nafn eins ábyrgðarmannsins, er síðar reyndist vera ritað í heimildarleysi. Var málið dæmt í nefndum rétti 12. nóv. 1912 með þeim úrslitum, að stefndi skyldi greiða útbúinu 150 kr. með 6% vöxtum frá stefnudegi til borgunardags, en málskostnaður skyldi falla niður. Þessum dómi hafa áfrýjendurnir Schou og Tofte bankastjórar fyrir hönd Íslandsbanka skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 25. marz f. á. og krafist þess, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða bankanum kr. 1723,27 með 6% vöxtum frá 29. febrúar 1912 til borgunardags og málskostnað að skaðlausu fyrir báðum dómum. Stefndi krefst af annari hálfu staðfestingar á dómnum í öllum greinum og málskostnaðar fyrir yfirdómi að skaðlausu eftir mati réttarins.

Tildrög málsins eru þau, að 9. jan. 1906 fekk Þorgils Hjálmarsson borgari á Óslandi í Skagafirði lán að

upphæð 1300 kr. í útbúi Íslandsbanka á Akureyri gegn sjálfsskuldarábyrgð þriggja skagfirzkra bænda, Sölva Sigurðssonar í Lónkoti, Guðmundar Sigurðssonar á Grindum og Gunnlaugs Jóhannessonar á Litlabæ, og seldi hann útbúinu í hendur ábyrgðarskjal þessara manna dags. 23. des. 1905 með undirskrifuðum nöfnum þeirra og árituðu vottorði stefnda svolátandi: »Að ofanritaðir ábyrgðarmenn hafi af fúsum vilja og alls gáðir tveir af þeim handsalað og einn ritað nafn sitt í minni og vottanna viðurvist, og að þeir eru vel stæðir, sér í lagi er Sölvi Sigurðsson talinn í mjög góðum efname, það vottast hér með af undirrituðum hreppstjóra«. Af höfuðstól láns þessa voru greiddar 100 kr. og vextir til 9. jan. 1909, en það ár fór lántakandi alfarinn af landi burt án þess að gera frekari skil fyrir láninu. Í máli, sem útbúið eftir það í febrúarmánuði 1910 höfðaði á hendur ábyrgðarmönnum til greiðslu á eftirstöðvum lánsins, sýnjaði einn þeirra, Sölvi Sigurðsson, með eigi fyrir það, að hann hefði ritað eða leyt að rita nafn sitt undir ábyrgðarskjalið 23. des. 1905, enda vitnaðist það og í því máli af skýrslu stefnda sjálfs fyrir notarius publicus, að Sölvi Sigurðsson og Guðmundur Sigurðsson höfðu eigi verið viðstaddir, þegar nöfn þeirra voru af lántakanda í viðurvist stefnda rituð undir ábyrgðarskjalið og stefndi ritaði framanskráð vottorð á það, en hann bar það fyrir sig, að hann hefði, er hann reit vottorðið, haft fyrir sér bréf frá þeim Sölva og Guðmundi, er lántakandi færði honum og þar sem þeir hefðu heimilað nafn sitt undir skjalið, en Sölvi kannaðist eigi við, að hafa skrifað neitt slíkt bréf.

Áfrýjendur halda því fram, að stefndi hafi með hinu ranga vottorði á ábyrgðarskjalið orðið valdur að því, að

Þorgilsí Hjálmarssyni var veitt lánið, sem hann annars alls ekki hefði fengið, eigi stefndi því sök á því tjóni, sem bankinn hefir beðið við lánveitinguna og sé skyldur að bæta það að fullu. En stefndi vill hins vegar eigi kannast við, að vottorðið sé rangt, og styður hann það einkum við áðurgreint bréf, er hann tjáist hafa fengið frá Sölva Sigurðssyni og hann telur hafa verið næga heimild fyrir undirskrift nafns hans; svo tjáist hann og hafa orðað og ætlast til, að vottunin um návist sína og vottanna við undirskrift ábyrgðarbréfsins yrði skilin svo, að hún ætti að eins við undirskrift þess ábyrgðarmannsins, er sjálfur ritaði nafn sitt undir skjalið. En upp úr þessum varnar-ástaðum stefnda verður ekkert lagt, með því að vottorð hans, eins og það er orðað, verður eigi á annan veg skilið, en að hann einnig hafi verið viðstaddur handsölun á nöfnum þeirra Sölva og Guðmundar, og þó að hann hefði fengið bréf frá þeim þess efnis, er hann heldur fram, þá mátti honum vera ljóst, að með því væri eigi fullnægt því, sem til var ætlast af honum og átti að veita útbúinu tryggingu fyrir gildi ábyrgðarskjalsins, að undirskriftirnar og handsölin hefðu farið fram í hans viðurvist. Stefndi hefir því eigi réttlætt téða athöfn sína, og kemst hann því eigi hjá að bera ábyrgð á tjóni því, er áfrýjendur hafa orðið fyrir vegna hins ranga vottorðs og greiða þeim skaðabætur fyrir það.

Skaðabótaupphæðina telja áfrýjendur eftirstöðvar lánsins með vöxtum frá 9. jan. 1909 til 22. febr. 1912 kr. 1476,02 og kostnað við lögsókn gegn ábyrgðarmönnum um kr. 247,25, samtals kr. 1723,27, sem er dómkrafan í málinu. En stefndi fer því fram, að skaðabæturnar geti eigi verið hærri en sú upphæð, er fánleg hefði verið hjá

Sölva Sigurðssyni, ef undirskrift hans hefði verið með rétttri heimild, því að útbúið eigi ekki að vera betur sett eða græða á því, að undirskrift Sölva var tekin í heimildarleysi, en það sé sannað með skýrslu Sölva, sem eigi hafi verið mótmælt, að hann hafi eigi átt meiri fjármuni en svarar 150 kr., þegar útbúið gekk að ábyrgðarmönnum, og fyrir því geti áfryjendur ekki átt tilkall til frekari skaðabóta, en þeirri upphæð nemur. — En við þetta athugast, að ábyrgðarmennirnir hafa í sama skjalinu skuldbundið sig einn fyrir alla og allir fyrir einn til að ábyrgjast lán Þorgils Hjálmarssonar og samkvæmt þessari orðun skjalsins og eðli slíkrar skuldbindingar verður að skilja hana svo, að enginn einn ábyrgðarmannanna hafi orðið skuldbundinn, nema hinir yrðu það einnig eða jafnframt, en af þessu leiðir það þá, að þegar undirskrift Sölva reyndist ógild, voru hinir ábyrgðarmennirnir frá upphafi lausir við ábyrgðina. Fyrir heimildarlausu undirskrift á nafni Sölva glataði útbúið því eigi að eins ábyrgð hans á láninu heldur og hinna ábyrgðarmannanna. En þegar svo er að enginn þeirra var bundinn við ábyrgðina verða skaðbætur þær, er áfryjendur eiga rétt á, eigi metnar eftir því, hvort ábyrgðarmennirnir hefðu getað greitt lánið eða nokkuð af því, og það kemur þá eigi heldur til álita, sem stefndi hefir viljað telja sér til varnar, hvort útbúið hafi dregið um of að ganga að ábyrgðarmönnum og efnahag þeirra hnignað á meðan.

En þar sem telja verður vafalaust, að útbúið hefði synjað um lánið, ef það hefði eigi reitt sig á, að vottorð stefnda væri rétt, verður að líta svo á, að stefndi með vottorðinu hafi orðið valdur að tjóni því, er útbúið beið við lánveitinguna og virðist því eiga að miða skaða-

bæturnar við það. Eru það fyrst eftirstöðvar lánsins kr. 1200,00 og vextir af þeim frá 9. jan. 1909 til stefnudags kr. 276,02 að frádregnum kr. 10,58, sem virðast vera oftaldir vextir (7% fyrir $6\frac{1}{2}\%$ frá 9. jan. til 9. júlí 1910) og vaxtavextir, með því að eigi sést, að ákveðin hafi verið hækkun vaxtanna nefnt tímabil samkvæmt heimild í skuldabréfinu, og þar næst kostnaðurinn við málssókn gegn ábyrgðarmönnum kr. 247,25; stefndi hefir að vísu mótmælt þessum kostnaði sem of háum og máli þessu óviðkomandi, en hann hefir eigi rökstutt þau mótmæli nægilega, svo að þau geti komið til greina. Verða þá samkvæmt þessu úrslit málsins, að dæma ber stefnda til að greiða áfrýjendunum kr. 1200,00 + kr. 265,44 + kr. 247,25 eða samtals kr. 1712,69 með 6% ársvöxtum frá 29. febrúar 1912 til greiðsludags.

Í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi þykir rétt að stefndi greiði áfrýjendum 100 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Magnús Ásgrímsson greiði áfrýjendum Emil Schou og Tofte bankastjórum fyrir hönd Íslandsbanka 1712 kr. 69 a. með 6% ársvöxtum frá 29. febr. 1912 til greiðsludags og 100 kr. í málskostnað.

Dóminum að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að víðlagðri lagaaðför.